

Fundargerð 454. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, þriðjudaginn 13. júní kl. 09:45 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Skagatrönd.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Pétur Ólafsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð og Flosi Hrafn Sigurðsson sem ritaði fundargerð.

Gunnar Tryggvason, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir boðuðu forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2023 - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 453. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 17. maí 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Aðgangur Fiskistofu að eftirlitsmyndavélum hafna - 2306001HA

Haldinn var sameiginlegur fundur Hafnasambands Íslands og Fiskistofu þann 25. apríl 2023 þar sem rædd var framkvæmd á því hvernig skuli veita þann aðgang og gjald fyrir umræddan aðgang, en sú heimild kom í lög með lögum nr. 85/2022. Framlagt er minnisblað Flosa H. Sigurðsson þar sem farið er yfir réttarstöðu hafna vegna lagabreytingarinnar.

Stjórn fór yfir verkferla og vinnulag við aðgang og afhendingu gagna úr eftirlitsmyndavélum. Ákveðið að ræða málið nánar við fulltrúa Fiskistofu.

3. Fjarvigtun - 2009021HA

Haldinn var fundur Hafnasambands Íslands og Fiskistofu þann 23. apríl 2023. Á fundinum var ræddur möguleikinn um að heimila fjarvigtun í smærri höfnum. Fyrir liggur að breyta þyrfti bæði lögum og reglugerð. Lagt er fram minnisblað Flosa H. Sigurðsson þar sem farið er yfir sjónarmið og aðferðafræði hvað varðar slíkar breytingatillögur.

Fulltrúum í samráðshópi Fiskistofu og hafnasambandsins falið að taka málið upp við Fiskistofu.

4. Hæfi löggiltra vigtarmanna - 2009018HA

Lagðar fram reglur nr. 650/2007 um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna.

Stjórn samþykkir að óska eftir endurskoðun á reglum nr. 650/2007 um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna þar sem kemur fram að vigtarmenn þurfi að hafa náð 20 ára aldri.

5. **Endursmíði GAFLS - 2009018HA**

Lögð fram drög að minnispunktum um endursmíði GAFLS, dags. 7. júní 2023.

Samþykkt að lagfæra minnispunktana m.v. umræður á fundinum og koma þeim svo til Fiskistofu.

6. **Reglugerð um náttúruhamfaratryggingu - óskað umsagnar - 2305006HA**

Lögð fram umsögn Hafnasambands Íslands um náttúruhamfaratryggingu Íslands, dags. 23. maí 2023.

7. **Vinnuhópur umhverfisráðuneytis vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum - 2305005HA**

Lagt fram minnisblað frá formanni um áherslupunkta vegna rafvæðingar og orkuskipta í höfnum.

8. **Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA**

Formaður gerir grein fyrir stöðu mála en ekkert hefur gerst frá því að stjórn hafnasambandsins tók málið síðast fyrir á fundi.

Fundi var slitið kl. 11:15